

Samfélagið– verkefni um þjóðsögur.

1. Í skólanum hjá Orra og Ösp hefur verið unnið með þjóðsögur í byggðarlaginu. Þjóðsögur eru oft tengdar örnefnum, en örnefni gefa oft til kynna athafnir eða atburði sem þar hafa gerst. Þjóðsögur og örnefni geta því haft mikið heimildagildi þar sem þau bera oft vitni um fyrri tíma.
 - a. Notið leitarvélarnar á vefnum til að afla ykkur upplýsinga um þjóðsögur tengdar Grindavík.
 - b. Skoðið um hvað þjóðsögurnar fjalla.
 - c. Gefa þær vísbendingar um húsakost, fatnað, mataræði, atvinnu og stöðu fólks á fyrri öldum?
 - d. Notið leitarvélarnar á vefnum til að skoða myndir og frásagnir um þessa þætti og gerið samanburð við nútímann.
 - e. Veljið einn af þessum þáttum til að fjalla um og búið til kynningarefni. Þið getið t.d. búið til líkan, teiknað myndir eða búið til glærुकynningu um efnið.
2. Gott er að kynna sér sögulóðir þegar unnið er að verkefnum.
 - a. Leitið á GoogleEarth að þeim stöðum sem þjóðsögurnar áttu að hafa gerst. Búið til kort og veljið ykkur einn stað til að ganga að.
 - b. Fylgist með því hvort þið sjáið einhver ummerki í náttúrunni varðandi þjóðsöguna. Eru húsarústir eða einhver kennileiti?
3. Að semja sögu er auðveldara en margur heldur. Það sem er mikilvægt að hafa í huga áður en lagt er af stað er uppbygging sögunnar. Því er gott að kynna sér meginreglur ritunar.
 - a. Semjið ykkar eigin þjóðsögu og notið til þess samtíma staðreyndir.
 - b. Veljið eina þjóðsöguna sem þið funduð úr Grindavík og búið til veggteppi þar sem persónur og leiksvið koma fram.